

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofustjóri skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Umsögn um tillögu borgaráðsfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um afnám þóknunar fyrir nefndarsetu starfsmanna borgarinnar fyrir fundi á vinnutíma

Á fundi borgarstjórnar þann 19. júní 2018 var samþykkt með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn 11 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Sósíalistaflokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins að vísa svohljóðandi tillögu Sósíalistaflokks Íslands til meðferðar borgarráðs:

Lagt er til að kjörnir fulltrúar og annað starfsfólk Reykjavíkurborgar fái ekki greitt fyrir stjórnar- og nefndarsetu á vegum borgarinnar og stofnunar og fyrirtækjum á hennar vegum ef fundir og undirbúningur undir þá fer fram á vinnutíma aðalstarfs viðkomandi starfsfólks.

Í kjölfarið, þann 26. júní sl., var óskað eftir umsögn skrifstofu borgarstjóra og borgarritara um tillöguna að því er varðar starfsfólk Reykjavíkurborgar.

Þeir starfsmenn Reykjavíkurborgar sem sitja fyrir hönd Reykjavíkurborgar í stjórnnum fá greitt í samræmi við þær reglur sem í gildi eru hjá viðkomandi félagi eða stofnun að hverju sinni. Það er því í höndum stjórnar viðkomandi félaga að ákveða greiðslur til þeirra sem sinna stjórnarstörfum en ekki borgarstjórnar. Þeir starfsmenn Reykjavíkurborgar sem heyra undir kjaranefnd skulu upplýsa hana um öll aukastörf sem þeir sinna sbr. 8. gr. reglna um Kjaranefnd frá árinu 2004 og aðrir starfsmenn Reykjavíkurborgar sinna slíkum störfum með sérstöku leyfi frá yfirmanni samkvæmt ákvæðum kjarasamninga um réttindi og skyldur starfsmanna.

Helga Björg Ragnarsdóttir